

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 92/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2007 frá 28. september 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1098/2008/EB frá 22. október 2008 um Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri útskúfun (2010) <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 5. mgr. hljóði svo:

„5. EFTA-ríkin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í tveimur fyrstu undirliðum 8. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í þriðja undirlið frá 1. janúar 2000, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 2001, í áætluninum sem um getur í fimmta og sjötta undirlið frá 1. janúar 2002, í áætluninum sem um getur í sjöunda og áttunda undirlið frá 1. janúar 2004, í áætluninum sem um getur í níunda, tíunda og ellefta undirlið frá 1. janúar 2007 og í áætluninni sem um getur í tólfta undirlið frá 1. janúar 2009.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

„– **32008 D 1098**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1098/2008/EB frá 22. október 2008 um Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri útskúfun (2010) (Stjtið. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 20).“

2. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 67, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 21.2.2008, bls. 49.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 20.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***O.H. Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.